2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að afurðir sem um getur í 1. gr. og fluttar eru til landsins beri ekki með sér smitsjúkdóma.

3. gr.

Innflytjendur matvæla sem falla undir ákvæði 1. gr. skulu framvísa vottorði opinberra eftirlitsaðila um að vörurnar hafi verið hitameðhöndlaðar í að minnsta kosti 72°C í 15 sekúndur. Ef ekki er unnt að leggja fram slíkt vottorð fer um innflutning vörunnar samkvæmt ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og ákvæða 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið vegna eftirlitsskyldu Hollustuverndar ríkisins. Reglugerðin er tilkynnt í samræmi við tilskipun nr. 98/34/ESB um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. Auglýsingin öðlast þegar gildi og gildir til 16. júlí 2001. Fyrir þá dagsetningu verður auglýsingin endurskoðuð og gildistími hennar hugsanlega framlengdur.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 463 14. júní 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um snyrtivörur nr. 776/1998.

1. gr.

f) liður 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

f) Efni eða efnablöndur sem prófuð hafa verið á dýrum. Ákvæði þetta tekur gildi 30. júní 2002.

2. gr.

2. mg. 25. gr. orðast svo:

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 1. til 8. tl., XVI. kafla, II. viðauka, samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, ásamt breytingum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE, 83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE, 91/184/EBE, 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE, 93/47/EBE, 94/32/EB, 95/17/EB, 95/34/EB, 96/41/EB, 97/1/EB, 97/18/EB, 97/45/EB, 98/16/EB 98/62/EB, 2000/6/EB, 2000/11/EB og 2000/41/EB svo og tilskipun 80/1335/EBE um sam-

ræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE, 95/32/EB og 96/45/EB).

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni eins og þeim var breytt með lögum nr. 42/2001.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 14. júní 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.